

Nr. 1. Lagt fram í Héraðsdómi Reykjavíkur 20. nóvember 2014.

## STEFNA

Arnar Þór Stefánsson hrl.,  
LEX,  
Borgartúni 26,  
Reykjavík,

**GJÖRIR KUNNUGT:** Að hann þurfi fyrir hönd Kristjáns Snorra Ingólfssonar, kt. 180679-3409, Dalbraut 1, Reykjavík að höfða mál til ómerkingar ummæla og refsingar, greiðslu miskabóta, birtingarkostnaðar og málskostnaðar, vegna ummæla sem stefndi Pétur Gunnlaugsson, kt. 060748-3659, Efstaleiti 12, Reykjavík, viðhafði í frétt sem birtist á vefmiðlinum Eyjunn ([www.eyjan.pressan.is](http://www.eyjan.pressan.is)) þann 4. júlí 2014.

### DÓMKRÖFUR:

Stefnandi gerir eftirfarandi kröfur í málinu:

1. Að eftirfarandi ummæli sem birtust á vefmiðlinum Eyjunn ([www.eyjan.pressan.is](http://www.eyjan.pressan.is)) þann 4. júlí 2014, verði dæmd dauð og ómerk:  
*„Það þarf að greiða skuldir flokksins, en þetta fer bara í einkaneyslu hjá þeim og þeir fara bara á HM í Brasilíu. Þeir eru ekki að borga skuldirnar. Það er ljóst miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja að þeir eru að nota þessa peninga í sína eigin þágu. Þeir settu þetta inn á einkareikning sinn.“*
2. Að stefndi verði dæmdur til refsingar vegna framangreindra ummæla.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur að fjárhæð kr. 1.000.000,- með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 21. nóvember 2014 til greiðsludags.
4. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 179.190,- með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 21. nóvember 2014 til greiðsludags til að standa straum af kostnaði af birtingu dómsorðs máls þessa á vefsvæðinu [www.eyjan.pressan.is](http://www.eyjan.pressan.is).
5. Að stefndi greiði stefnanda málskostnað að skaðlausu vegna reksturs máls þessa.

### MÁLSATVIK:

Atvik máls þessa eru þau í stuttu máli að þann 10. janúar 2010 var stjórn málaaflið Lýðveldisflokkurinn stofnaður. Í umsókn flokksins til fyrirtækjaskrár kom fram að stefnandi væri formaður flokksins. Á árinu 2013 var samþykkt að flokkurinn myndi

standa að framboði til Alþingiskosninga. Með tilkynningu til fyrirtækjaskrár þann 25. mars 2013 var nafni flokksins breytt í *Flokk heimilanna*. Þann 7. júní 2013 barst fyrirtækjaskrá svo tilkynning um breytta stjórn flokksins þar sem fram kom að stjórn flokksins hefði verið kosin þann 31. mars 2013. Stefndi var þar skráður formaður flokksins. Með tölvupósti þann 22. júlí 2013 mótmælti einn stjórnarmaður flokksins, Eyjólfur Vestmann Ingólfsson, framangreindri breytingu á stjórn flokksins, enda væri hún ólögsmæt og tilefnislaus með öllu. Með ákvörðun fyrirtækjaskrár þann 5. desember 2013 var talið að breytingin á stjórn flokksins hefði verið lögsmæt og fallist á að breytinguna bæri að skrá í fyrirtækjaskrá.

Þessu voru réttkjörnir stjórnarmenn flokksins, þar á meðal stefnandi, ósammála og skutu ákvörðun fyrirtækjaskrár til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Með úrskurði þess 5. maí 2014 (dskj. 3) var ákvarðað að breyting á stjórn flokksins hafi hvorki verið í samræmi við samþykktir flokksins né heldur meginreglur félagaréttar. Taldi ráðuneytið að annmarkar þeir væru slíkir að fella skyldi úr gildi ákvörðun fyrirtækjaskrár frá 5. desember 2013.

Í framhaldi af úrskurði ráðuneytisins þann 5. maí 2014 birtist frétt á fréttamiðlinum Eyjunn (dskj. 4) hinn 4. júlí 2014 þar sem fjallað var um úrskurð ráðuneytisins. Var þar birt viðtal við stefnda þar sem hann lýsti því yfir að stefnandi sem forsvarsmáður flokksins hefði stungið fjárframlögum úr ríkissjóði í eigin vasa. Í viðtalinu sagði stefndi orðrétt:

*„Það þarf að greiða skuldir flokksins, en þetta fer bara í einkaneyslu hjá þeim og þeir fara bara á HM í Brasilíu. Þeir eru ekki að borga skuldirnar. Það er ljóst miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja að þeir eru að nota þessa peninga í sína þágu. Þeir settu þetta inn á einkareikning sinn.“*

Ljóst er að þessi orð stefnda beinast m.a. að stefnanda sem formanni flokksins. Stefnandi taldi að í ummælunum fælust ærumeiðingar sem vógu að mannorði hans, enda væri þar verið að brigsla stefnanda um refsivert auðgunarbrot, sbr. 247. og 249. gr. almennra hegningarlaga (fjárdráttur og umboðssvik).

Í framhaldinu hafði stefnandi samband við lögmann, sem sendi stefnda bréf þann 15. október síðastliðinn (dskj. 5). Bréfið var birt fyrir stefnda með stefnuvotti 21. sama mánaðar, líkt og birtingarvottorð stefnuvotts staðfestir. Í bréfinu var þess krafist að stefndi drægi ummæli sín til baka og bæðist afsökunar á sama vettvangi og upphafleg ummæli birtust. Þá var krafist miskabóta vegna ummælanna að fjárhæð kr. 1.000.000,-. Var stefnda veittur 10 daga frestur til að verða við framangreindum kröfum. Áskilinn var ella réttur til að höfða dómsmál þar sem gerðar yrðu þær dómkröfur sem settar eru fram í þessu máli. Stefndi svaraði ekki umræddu bréfi.

Þar sem stefndi varð ekki við kröfum þeim sem settar voru fram af hálfu stefnanda í framangreindu bréfi er stefnanda sá kostur einn nauðugur að stefna máli þessu fyrir dóm, til ómerkingu framangreindra ummæla, greiðslu miskabóta og fjár til þess að standa straum af birtingu dóms. Þá krefst stefnandi þess einnig að stefnda verði gerð refsing vegna ummælana auk þess að greiða stefnanda málskostnað.

## MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

Stefnandi telur að umrædd ummæli feli í sér ærumeiðingar og aðdróttanir sem bornar voru út gegn betri vitund opinberlega samanber ákvæði 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með ummælum sínum sakaði stefndi stefnanda um refsiverða háttsemi, auðgunarbrot, sbr. 247. og 249. gr. almennra hegningarlaga (fjárdráttur og umboðssvik), með því að eigna sér fjármuni Flokks heimilanna sem flokkurinn fékk úthlutað úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 162/2006 um fjármál stjórnmalaflokka, og nota í eigin þágu. Er ljóst að um grafalvarleg ummæli er að ræða sem stefnandi hefur lögvarða hagsmuni af því að fá ómerkt.

Með framangreindum ummælum var ráðist að mannorði stefnanda með ærumeiðingum til þess eins að verða virðingu stefnanda til hnekkis. Stefnandi telur að umrædd ummæli hafi verið borin út opinberlega gegn betri vitund stefnda, enda ummælin ósönn og sögð til þess eins að upphefja stefnda á kostnað stefnanda. Efnislega sama aðdróttun birtist einnig á heimasíðu Útvarps Sögu sama dag (dskj. 6), ásamt mynd af stefnanda. Stefnandi er starfsmaður og stjórnarformaður þess fjölmiðils.

Krafa um ómerkingu ummælana er byggð á 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Ummælin eru óviðurkvæmileg í skilningi ákvæðisins. Nauðsynlegt er að ómerkja umrædd ummæli enda eru þau til þess fallin að vega alvarlega að æru stefnanda.

Stefnandi telur jafnframt að skilyrði séu til þess að stefndi verði látinn bera refsíabýrgð á framangreindum ummælum. Byggir stefnandi á því að skilyrði almennra hegningarlaga séu uppfyllt og styður kröfu sína um refsingu við 1. og 2. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga, enda hafi stefndi haft frammi aðdróttun gegn betri vitund og birt opinberlega. Til vara byggir stefnandi á því að 234. og 235. gr. laganna eigi við.

Krafa um miskabætur styðst við b. lið 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, enda ummælin ólögæt meingerð gegn æru og persónu stefnanda. Ljóst er að slík meingerð getur haft langvarandi áhrif á álit almennings á stefnanda til framtíðar og telur stefnandi kröfu hans um kr. 1.000.000,- í miskabætur síst of lága með hliðsjón af ummælum stefnda.

Krafa stefnanda um greiðslu fjárhæðar til að kosta birtingu dóms á vefsvæði Eyjunnar byggir á 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Er nauðsynlegt að umþrætt ummæli verði ómerkt og að sú ómerking verði birt fyrir sama markhópi og las hina upphaflegu frétt. Er sú leið best tryggð með birtingu dómsins á vefsvæði Eyjunnar. Kostnaður við slíka birtingu er samkvæmt verðlista Eyjunnar um auglýsingaplass, kr. 173.190,- (dskj. 7) að meðtöldum virðisaukaskatti. Miðað er við tveggja vikna birtingu, þ.e. 69.000 x 2 auk 25,5% virðisaukaskatts, en stefnandi bendir á að framangreind ummæli eru enn aðgengileg til skoðunar á vefsvæði Eyjunnar.

Þá er þess krafist að fjárkröfur þær sem gerðar eru í málinu beri dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá því að mánuður var liðinn frá birtingu kröfubréfs stefnanda hinn 21. október 2014, sbr. 9. gr. laganna.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda. Þess er krafist að við ákvörðun fjárhæðar málskostnaðar verði horft til þess að stefnandi greiðir virðisaukaskatt af lögmansþóknun þeirri sem hann greiðir lögmanni sínum, sbr. ákvæði laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

#### LAGARÖK:

Um lagarök vísast til 234. – 236. gr. og 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og almennra reglna skaðabótaréttarins. Dráttarvaxtakrafa styðst við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Málskostnaðarkrafa styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

#### SKJÖL, SÖNNUNARGÖGN OG ÁSKILNAÐUR:

Við þingfestingu málsins leggur stefnandi m.a. fram úrskurð atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frá 5. maí 2014, útprentun á frétt Eyjunnar sem birtist á vefsvæðinu [www.eyjan.pressan.is](http://www.eyjan.pressan.is) þann 4. júlí 2014, bréf lögmans stefnanda til stefnda, dags. 15. október 2014 auk birtingarvottorðs stefnuvotts, frétt af heimasíðu Útvarps Sögu, dags. 4. júlí 2014 og gögn sem hafa að geyma upplýsingar um kostnað við birtingu dóms á nefndu vefsvæði, ódagsett.

Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja frekari gögn fyrir dóminn á síðari stigum málsins.


#### SKÝRSLUTÖKUR FYRIR DÓMI:

Af hálfu stefnanda er áskilinn réttur til að taka skýrslur af aðilum og/eða vitnum fyrir dómi. Verður upplýst nánar um það atriði á síðari stigum málsmeðferðarinnar ef við á.

#### FYRIRKALL:

Fyrir því stefnist hér með Pétri Gunnlaugssyni, kt. 060748-3659, til heimilis að Efstaleiti 12, Reykjavík, til þess að mæta á **dómpingi Héraðsdóms Reykjavíkur**, sem háð verður í **dómsal 102 í dómhúsi réttarins við Lækjartorg í Reykjavík, fimmtudaginn 20. nóvember 2014, kl. 10.00**, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi um kröfur stefnanda.

Reykjavík, 7. nóvember 2014,  
f.h. stefnanda,

  
Arnar Þór Stefánsson hrl.

**BIRTINGAVOTTORÐ – mál nr. 2014 10 0012**

Vegna birtingar á stefnu

Síðasti birtingadagur: 15. nóvember 2014

Viðtakandi: Pétur Gunnlaugsson kt. 060748-3659, Efstaleiti 12, 103 Reykjavík

Fyrirsvarsmaður lögaðila:

Tilgreint heimilisfang er:

Lögheimili

Fastur búsetustaður

Vinnustaður

Dvalarstaður

Annað: \_\_\_\_\_

Fyrir hverjum birt: \_\_\_\_\_

*Pétur sjálfur á  
vinnu*

Tengsl við þann sem birting beinist að: \_\_\_\_\_

Birtingastund: \_\_\_\_\_

dagur, \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

/ \_\_\_\_\_

kl.: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Sveitarfélag

Gata og húsnúmer

Hæð

Íbúð

Annað

Birting tókst ekki þar sem viðtakandi:

Er fluttur og ekki vitað hvert.

Þekktist ekki í húsinu.

Býr nú \_\_\_\_\_

Athugasemdir: \_\_\_\_\_

Dags. og undirskrift  
birtingamanns

Póstmaður

Stefnuvottur

Gjald: kr. \_\_\_\_\_

Undirskrift viðtakanda

*7/11/14*  
*CA*

*3000*